

Avókadó og maís Orð með rætur í frumbyggjamálum spænsku Ameríku

1. Inngangur

Segja má að landafundir Spánverja á 15. og 16. öld hafi að mörgu leyti markað tímamót í mataræði Evrópubúa. Frá nýfundinni veröld bárust alls kyns ávextir, rótarhnýði, korn og kryddjurtir, nytjajurtir sem í þá tíð voru með öllu óþekktar í Gamla heiminum. Meðal þeirra voru til að mynda avókadó, maís, kartöflur og tómatar, ásamt papaja, gvava, chilipipar, kakó og súkkulaði.

Þegar Kristófer Kólumbus sneri heim til Spánar frá nýfundnum eyjum í Karíbahafi árið 1493 hafði hann ýmsar jurtir með í far-teskinu, meðal annars maís og tóbak.¹ Á fyrri hluta 16. aldar komu spænskir sæfarar og landafundamenn með tómata, avókadó, chilipipar, kakó og súkkulaði frá Mexíkó. Rösklega áratug síðar kynntust Spánverjar kartöflurækt í ríki Inkanna í Andesfjöllum og höfðu rótarhnýðið með sér til Evrópu.²

Í spænsku voru ekki til orð yfir allt hið nýja sem bar fyrir augu aðkomumanna á framandi slóðum. Til að byrja með brugðu þeir á það ráð að grípa til orða úr eigin tungumáli og var maís til dæmis

1 Cristóbal Colón, *Los cuatro viajes. Testamento*, ritstj. Consuelo Varela, Madrid: Alianza Editorial, 1996, bls. 234.
2 Manuel Lobo Cabrera og Fernando Bruquetas de Castro, “La papa: el verdadero tesoro de los Incas”, *Documentos del archivo histórico provincial de Las Palmas*, Las Palmas: Archivo Histórico Provincial de Las Palmas, 2015, http://www.gobiernodecanarias.org/ocms/export/sites/cultura/archivolas-palmas/.content/actualidad/masinfo/La_papax_el_verdadero_tesoro_de_los_Incas.pdf [sótt 15. desember 2018].

kallaður *trigo de las Indias*³, ‚korn frá Indíum‘, avókadó var líkt við gráfíkjju⁴ en fékk síðar heitið *pera*, chili kallaðist *piparjurt* og þar fram eftir götunum.⁵ Þegar fram liðu stundir fóru aðkomumenn að nota orð og heiti úr tungumálum frumbyggja, oft ásamt skýringum, og tóku þar með upp mörg ný orð í spænsku. Þessi tökuorð bárust með þeim til Gamla heimsins ýmist í ræðu eða riti, í fyrstu til Spánar en með tíð og tíma bárust þau yfir í önnur Evrópumál, oft ásamt afurðinni eða fyrirbærinu sem þau vísuðu til. Leið orðanna var greið, því það voru ekki til orð yfir hið nýja í viðtökumálunum en nýjungar af öllu tagi kalla á ný hugtök og heiti.

Flest orðin sem voru tekin upp í spænsku eftir komu Spánverja til Nýja heimsins eru úr taíno, máli indíána á Stóru-Antillaeyjum í Karíbahafi, nahuatl, tungumáli Asteka í Mexíkó, og quechua, tungumáli Inka í Suður-Ameríku. En einnig hafa ratað inn í málið orð úr aravak, aimara, maya, tupí og guaraní. Önnur indíanamál lögðu til stöku orð.⁶ Það kemur ekki á óvart að þetta hlutfall sé svipað í öðrum evrópskum viðtökumálum.

Aðkomuorðin úr frumbyggjamálunum heyra undir ákveðin merkingarsvið. Flest eru þau heiti á plöntum, jurtum, trjám og ávöxtum. Önnur falla undir dýraheiti, þá eru orð sem lúta að veðurfari, siglingum, fatnaði og náttúrufrýrbærum auk orða yfir ýmsar afurðir, svo að helstu svið séu nefnd.

3 José de Acosta, *Historia natural y moral de las Indias*, México: Fondo de Cultura Económica, 2006 [1590] bls. 190. Acosta greinir frá því að Ítalir kalli maís korn frá Tyrklandi eða tyrkneskt korn.

4 Fray Toribio de Benavente o Motolinia, *Historia de los indios de la Nueva España*, ritstj. Edmundo O’Gorman, México: Editorial Porrúa, 1984, bls. 157.

5 Um þetta má lesa frekar í Emma Martinell Gifre, *La comunicación entre españoles e indios: palabras y gestos*, Madrid: Mapfre, 1992. Antonio Torres Torres, *Procesos de americanización del léxico hispánico*, Valencia: Universitat de València, 2004. Sami höfundur, „Los procesos de denominación de la nueva realidad americana“, *De América a Europa. Denominaciones de alimentos americanos en lenguas europeas*, ritstj. Erla Erlendsdóttir, Emma Martinell og Ingmar Söhrman, Frankfurt am Main/Madrid: Iberoamericana-Vervuert, 2017, bls. 35–46.

6 José María Enguita Utrilla, *Para la historia de los americanismos léxicos*, Frankfurt am Main/Berlin/Bern/Bruxelles/New York/Oxford/Wien: Peter Lang, 2004. Tomás Buesa Oliver og José María Enguita Utrilla, *Léxico del español de América: su elemento patrimonial e indígena*, Madrid: Mapfre, 1992. Emma Martinell Gifre, *La comunicación entre españoles e indios: palabras y gestos*, Madrid: Mapfre, 1992. F. Ligorred, *Parauls de les llengües d’Amèrica*, Barcelona: Generalitat de Catalunya, 1992. Pedro Henríquez Ureña, *Para la historia de los indigenismos*, Buenos Aires: Facultad de Filosofía y Letras de la Universidad de Buenos Aires, 1983. Miguel León-Portilla, „Otro testimonio de aculturación hispano-indígena: Los nahuatlismos en el castellano de España“, *Revista de Antropología Americana* v. XI (1981), bls. 219–243. Hugo A. Mejías, *Préstamos de lenguas indígenas en el español americano del siglo XVII*, México: Universidad Nacional Autónoma de México, 1980.

Í þessari grein verður fjallað um tvö orð sem eiga rætur í tungumálum frumbyggja spænsku Ameríku⁷ og hafa verið tekin upp í ýmis Evrópumál; hér verður sjónum einkum beint að norðurgermönsku tungumálunum: dönsku, íslensku, norsku og sænsku. Orðin sem um ræðir eru af merkingarsviðinu nytjajurtir, *abuacatl* ‚avókadó‘ og *mabiz* ‚maís‘, og koma upprunalega úr nahuatl-máli í Mexíkó og taíno-máli sem var talað á Antillaeyjum. Ætlunin er að varpa ljósi á sögu⁸ orðanna, þ.e. uppruna þeirra, fyrstu rituðu heimildir um þau, og rekja leið þeirra frá upprunamáli yfir í spænsku og önnur viðtökumál og áfram til viðtökumálanna sem hér eru í brennidepli. Ekki er hugmyndin að fjalla ítarlega um form- eða merkingarbreytingar orðanna í viðtökumálunum þótt lauslega verði drepíð á breytingar sem þau kunna hafa tekið á ferð sinni frá einu tungumáli til annars og aðlögun þeirra að málkerfi fyrrnefndra viðtökumála.

Orðin sem urðu fyrir valinu eru hluti af orðaforða daglegs lífs í viðtökumálunum sem um ræðir. Fyrir vikið má gera ráð fyrir að þau komi fyrir í helstu orðabókum viðkomandi tungumála, sögulegum orðabókum, orðsifjabókum og þeim ýmsu gagnagrunnum sem eru aðgengilegir á vefsíðum, eða í seðlasöfnum, stofnana sem hafa með orð- og orðabókarannsóknir að gera, og þar var leitað fanga. Einnig hafa frumheimildir verið skoðaðar, einkum þýðingar og rit sem lúta að nýrri veröld í Vesturheimi. Þess má geta að orð úr tungumálum frumbyggja í spænsku Ameríku komu yfirleitt inn í viðtökumálin í ritmáli, öðrum heimildum um orðin er augljóslega ekki til að dreifa, en elstu ritdæmi margra orðanna í norrænum málum er að finna, líkt og í öðrum evrópskum viðtökumálum, í ritum af ýmsum toga. Má þar nefna til dæmis þýðingar, ferðasögur, fræðitexta, matreiðslubækur, orðasöfn og orðabækur, tímarit og dagblöð.

Efnisskipan greinarinnar er þannig að í öðrum kafla eru áður nefnd orð kynnt til sögunnar. Í kafla 2.1 er fjallað um orðið *avókadó*. Þá er sjónum beint að *maís* í kafla 2.2 og greininni lýkur svo með samantekt og lokaorðum.

7 Hér er átt við þann hluta Ameríku þar sem nú er töluð spænska, til aðgreiningar frá þeim svæðum í Ameríku þar sem töluð er portúgalska, franska, enska og hollenska.

8 Nálgunin er menningar- og orðsöguleg.

2. Avókadó og maís

Í köflunum sem hér fara á eftir verður, eins og áður sagði, fjallað um tvö orð sem rekja má til tungumála frumbyggja í spænsku Ameríku. Fyrst er sjónum beint að *avókadó* sem er upprunalega úr tungu indíána í Mexíkó, og alla jafna talið eiga rætur í orðmyndinni *abuacatl* í nahuatl, tungumáli hinna fornu Asteka.⁹ Þá er vikið að orðinu *maís* sem er rakið til *mahiz* í taíno, tungumáli frumbyggja sem var talað á eyjum í norðanverðu Karíbahafi þegar Evrópubúar komu þangað í lok 15. aldar. Þetta tungumál, sem telst til arawak-málaættarinnar, er nú útdautt.¹⁰

Orðin sem hér eru til umfjöllunar heyrðu spænskir sæfarar og landvinningamenn af vörum frumbyggja í Nýja heiminum um aldamótin 1500 og á fyrstu áratugum 16. aldar. Ekki leið á löngu uns þau tóku að slæðast inn í spænska texta af ýmsu tagi sem fjölluðu á einn eða annan hátt um hina nýfundnu veröld. Þessir textar voru prentaðir á Spáni og seinna þýddir á önnur Evrópumál. Þýðingar á frásögnum Spánverja af Nýja heiminum voru ekki einungis farvegur fyrir ýmsan fróðleik um dýra- og náttúrufar framandi heimsálfu, íbúa hennar og menningu, heldur einnig fyrir orð úr tungumálum frumbyggjana.

Textar og kronikur spænskra annálaritara og trúboða ásamt sendibréfum landafunda- og landvinningamanna á vegum spænsku krúnunnar eru í flestum tilvikum fyrstu rituðu heimildir þar sem orð af þessum uppruna koma fyrir og ennfremur elsta ritada form þeirra, því frumbyggjar áttu sér ekki ritmál.¹¹ Fyrir vikið er hvort tveggja, ritháttur og hljóðfræðileg gerð orðanna, í rauninni spænskt, það er að segja að hljóðasambönd orðanna sem um ræðir voru spænsk en ekki til að mynda taínísk, nahuatlísk eða quechuísk, o.s.frv. Þau voru, að segja má, í spænskum búningi þegar þau bárust inn í önnur tungumál og þannig voru þau allt þar til þau féllu smám saman að hljóðkerfi og beygingarreglum viðtökumálanna. Í flestum

9 DN = *Diccionario del náhuatl en el español de México*, ritstj. Carlos Montemayor, México: UNAM, 2009, bls. 22. Tomás Buesa Oliver og José María Enguita Utrilla, *Léxico del español de América: su elemento patrimonial e indígena*, bls. 84.

10 Sama rit, bls. 106.

11 Inkar notuðu *quipu*, eða hnútaletur, til að skrá helstu atburði. Mayar og Astekar notuðu myndletur.

tilfellum hefur spænska miðlað orðunum til viðtökumálanna, eins og áður sagði, en í mörgum tilvikum hafa þau haft viðkomu í fleiri Evrópumálum áður en þau bárust norður á bóginn. Það hefur leitt til þess að aðkomuorðin fengu jafnvel franskt, þýskt eða enskt yfirbragð áður en þau voru tekin upp í norrænar tungur.

2.1 *Avókadó*

Avókadó, perulaga aldin lárperutrésins (lat. *Persea americana*), hefur einnig verið kallað *lárpera* eða *grænaldin* á íslensku.¹² Lárperutréd, sem er upprunnið í Mið- og Suður-Ameríku, og ávöxtur þess bárust til Gamla heimsins með spænskum landkönnuðum og landvinningamönnum þegar á 16. öld. Í dag er aldin plöntunnar þekkt fæða og á borðum manna víða um heim.

Orðið *ahuacatl* er úr nahuatl,¹³ tungumáli frumbyggja í Mexíkó, og merkir ‚avókadó‘. Ekki er úr vegi að geta þess að í fleirtölu er orðið notað í merkingunni ‚eistu‘ meðal nahuatl-mælandi og má gera því skóna að um myndlíkingu sé að ræða, hins vegar er ekki ljóst hvort þetta er upprunaleg merking orðsins eða síðari tíma merkingarvikkun.¹⁴ Elsta ritdæmi með orðinu er að finna í *Historia de los indios de la Nueva España* (Saga indíána á Nýja Spáni) eftir Toribio de Benavente, öðru nafni Motolinía. Hann var trúboði af fransiskanareglunni og síðar sagnaritari í Nýja heiminum.¹⁵ Hann er talinn hafa ritað verk sitt í Mexíkó á árunum 1536–1541.¹⁶ Í 9. kafla skrifar Motolinía: „Meðal aldina sem er að finna í þessum fjallahéruðum, og reyndar í öllu landinu, er eitt sem kallast aua-

12 ÍAO = *Íslenska alfræðiorðabókin*, Reykjavík: Örn og Örlygur, 1990, bls. 359. *MÍM*, s. v. *avókadó*. Einungis *avókadó* og *lárpera* koma fyrir í *Íslenskeri orðabók*. ÍO = *Íslensk orðabók*, ritstj. Möðdur Árnason, Reykjavík: Edda, bls. 59, 875. ÍB = Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, *Íorðabanki Árnastofnunar* <http://www.ordabanki.hi.is/wordbank/search> [sótt 15. desember 2018], s. v. *avókadó*.

13 DN, bls. 22.

14 Sama rit. Marcos A. Morínigo, *Diccionario del español de América*, Madrid: Anaya & Mario Muchnik, 1996, bls. 19–20.

15 Fray Toribio de Benavente «Motolinía», *Historia de los indios de la Nueva España*, ritstj. Mercedes Serna Arnaiz og Bernat Castany Prado, Madrid: Real Academia Española – Centro para la Edición de los Clásicos Españoles, 2014, bls. 10, <http://www.rae.es/publicaciones/obras-academicas/bcrae/historia-de-los-indios-de-la-nueva-espana-de-fray-toribio-de> [sótt 15. desember 2018].

16 CORDE = Real Academia Española: Banco de datos (CORDE) [en línea]. *Corpus diacrónico del español*. <http://www.rae.es> [sótt 15. desember 2018].

catl.“¹⁷ Hann líkir ávextinum við stórar gráfíkjur sem séu á bragðið eins og furuhnetur. Þegar hann víkur að stærð og mismunandi gerðum aldinsins segir hann það vera „á stærð við stórar perur“ og „svo bragðgott“ að betri ávöxt sé vart að finna á Nýja Spáni. Í þessari sömu málsgrein kemur orðið fyrir með spænskri fleirtöluendingu, *-es: auacates*.¹⁸ Motolinía tekur því strax til við að laga orðið að málkerfi spænskunnar þar sem hljóðskipunarreglur leyfa ekki hljóðasambandið *-tl* og fyrir vikið hefur samhljóðið *-l* verið skrifað *-e*, eins og mörg eldri ritdæmi orðsins sýna. Önnur kunn tökuorð sem lúta sömu reglu eru *xocolatl* sem varð *chocolate* ‚súkkulaði‘, og *tomatl* sem varð *tomate* ‚tómatur‘.¹⁹ Nokkrir kronikuritarar notuðu orðmyndina *aguacate* í verkum sínum og gáfu þar með tóninn fyrir það sem síðar varð en þetta er ritháttur orðsins í spænsku nú á tímum. Báðar myndir orðsins, *ahuacate* og *aguacate*, birtast hér og hvar í textum og frásögnum fram undir miðja 16. öld en á síðari helmingi aldarinnar virðist seinni myndin hafa orðið ofan á.²⁰

Þegar þessi orðmynd hafði fest sig í sessi í spænsku leið ekki á löngu þangað til hún barst inn í önnur Evrópumál. Elsta heimild um þessa orðmynd í frönsku er frá 1640 en þangað barst hún úr hollensku og spænsku.²¹ Orðmyndin *aguacate*²² hverfur hins vegar úr frönsku máli um miðbik 19. aldar og víkur²³, að því er virðist, fyrir rithættinum *avocat* (17. öld), *avocata* og síðan *avocat* en sú mynd orðsins er nú notuð í frönsku. Franskir orðfræðingar telja að breytinguna megi rekja til alþýðuskýringa og að *avocat* sé dregið af spænska orðinu *avocado*, eða *abogado*.²⁴ Tökuorðið hafi sem sagt

17 Fray Toribio de Benavente o Motolinía, *Historia de los indios de la Nueva España*, bls. 157. Spænska orðsögubókin gefur upp ritháttinn *abacatl* í riti Motolinía og markar sem ritháttarafríðgi. *DHLE* = *Diccionario histórico de la lengua española*, Madrid: Academia Española, 1933–1936, <http://web.frl.es/DH1936.html> [sótt 15. ágúst 2018], s. v. *aguacate*. Sjá einnig *CNDH* = *Corpus del nuevo diccionario histórico del español*, <http://web.frl.es/CNDHE/> [sótt 15. desember 2018], s. v. *aguacate*.

18 Fray Toribio de Benavente o Motolinía, *Historia de los indios de la Nueva España*, bls. 157.

19 Hugo A. Mejías, *Préstamos de lenguas indígenas en el español americano del siglo XVII*, bls. 40.

20 *CORDE*.

21 *TLFi* = *Tresor de la langue française*, Paris: Gallimard, www.atilf.atilf.fr [sótt 15. desember 2018] s. v. *avocat*. Alejandro Cioranescu, *Los hispanismos en el francés clásico*, Madrid: Anejos del boletín de la Real Academia Española, 1987, bls. 20.

22 *TLFi*, s. v. *aguacate*.

23 „[...] *aguacate*, qui a été lui aussi emprunté en français (1640) avant d'être éliminé par *avocat*“. *DHLF* = *Dictionnaire historique de la langue française*, ritstj. Alan Rey, Paris: Le Robert, 2006, bls. 276.

24 Þess má geta að *b* og *v* er borið eins fram í spænsku (tvívaramælt raddað lokhljóð).

breyst fyrir áhrif frá orðinu *abogado*, sem í spænsku merkir ‚lögfræðingur‘.²⁵ Svipaðri skýringu bregður fyrir í verkum orðfræðinga víða í Evrópu.²⁶ Enskir orðfræðingar telja orðið komið inn í málið í gegnum spænsku, „*avocado*, advocate, substituted by ‘popular etymology’ for the Aztec *ahuacatl*“ og benda jafnframt á að „a nearer form in Sp. is *aguacate* F. *aguacat* and *avocat*, in Eng. also *avigato* and, corruptly, *alligator* (pear)“.²⁷ Í enskum texta frá 1676 er avókadó kallað *Spanish Pear* en þegar líður að aldarlokum koma fyrir orðmyndir eins og *albacato*, *avacado* og *avacado pear* (1696). Í reisubók Williams Dampier, *A New Voyage Around the World* (1697),²⁸ stendur skrifað *avogato pear*. *Avocado* kemur svo fyrir í ensku máli undir lok 17. aldar og er sú mynd almennt notuð nú á dögum.²⁹ Samkvæmt orðsifjabók Kluge er mynd tökuorðsins í þýsku *Avocado* en þar er samhljómur með frönskum og enskum orðsifjafræðingum hvað varðar mynd og merkingu orðsins, það er, að það sé dregið af spænska orðinu *avocado/abogado*. Kluge telur orðið hins vegar ekki koma inn í þýskt mál fyrr en á 20. öld,³⁰ en það er fullyrðing sem ætti að taka með varúð.³¹ Tökuorðið kemur fyrir í eldri þýskum textum³² með rithættinum

25 TLFi. DHLF, bls. 275–276.

26 Nú má velta vöngum yfir því hvort um sannfærandi skýringu franska og annarra evrópskra orðfræðinga sé að ræða þar sem orðin eiga merkingarlega ekkert sameiginlegt. Þá má á það benda að svona er það allafafna þegar um alþýðuskýringar (*etimología popular*) er að ræða. Ásta Svavarsdóttir, í pistli um *stígvél*, útskýrir fyrirbærið á eftirfarandi hátt: „Í málfræði eru ummyndanir af þessu tagi nefndar *alþýðuskýringar* (folk etymology) því þær verða til við það að málnotendur leitast við að tengja framandlegar orðmyndir við kunnuglega orðliði og þannig skapast sýndartengsl við alls óskyld orð.“ „Stígvél“ í *Orðpistlar*, Árnastofnun www.arnastofnun.is [sótt 15. desember 2018].

27 OED = *Oxford English Dictionary*, Oxford: Oxford University Press, 1989, bls. 822.

28 Frances Luttkhuizen, „El viaje de tres voces de lenguas indígenas americanas al inglés: *guayaba, aguacate, papaya*“, *De América a Europa. Denominaciones de alimentos americanos en lenguas europeas*, ritstj. Erla Erlendsdóttir, Emma Martinell og Ingmar Söhrman, bls. 221–227, hér bls. 217–221.

29 Sama rit.

30 EWDS = Friederich Kluge, *Etymologisches Wörterbuch der deutschen Sprache*, Berlin, New York: De Gruyter, 1999, bls. 70.

31 Árið 1702 var reisubók Williams Dampier þýdd úr frönsku á þýsku. Í verki Bretans er minnst á avókadó-ávöxtinn: *Avogato-Birn-Baum*. „Der Avogato-Birn=Baum ist auch so groß / wie die meisten andern Birn-Bäume [...]“. Sjá William Dampier, *Neue Reise Um die Welt: Worinnen umständlich beschrieben wird: Die Erd-Enge oder Isthmus von Americâ, vielerley Küsten und Insuln in West-Indien* [...]; Aus dem Englischen in die Frantzösische und nunmehr in die Hoch-Teutsche Sprache übersetzt ..., Leipzig: Rohrlach, 1702, bls. 379.

32 Sjá Georg Friederici, *Americanistisches Wörterbuch und Hilfsörterbuch für den Amerikanisten*, Hamburg: Cram, De Gruyter & Co, 1960, bls. 43.

Avogato-Birnen, ‚avókadópera‘, *Advokaten-Birne*³³ og *Alligator-Birne*³⁴ en myndir orðsins í þýsku eru nú *Avocado*, *Avokado* eða *Avokato*.³⁵

Danska orðabókin, *Den danske ordbog*,³⁶ telur að *avocado*, einnig stafsett *avokado*, hafi komið í dönsku úr spænsku, sem má teljast hæpið ef saga orðsins í málinu er rakin. Orðið kemur vart fyrir í dönskum orðabókum fyrr en með útgáfu á viðauka dönsku orðabókarinnar (*ODS*) í lok 20. og byrjun 21. aldar.³⁷ Þar kemur fram að orðið sé fyrst bókfest í málinu árið 1767. Eftir því sem best verður séð kemur orðið fyrst fyrir í safni með ýmsum ferðasögum, *Almindelig Historie over Reiser til Lands og Vands*, sem voru þýddar úr ensku á dönsku og gefið út á árunum 1748–1761. Þýðandi verksins var Christen Schmidt (1721–1810).³⁸ Í safninu er meðal annars ferðasaga Williams Dampier í danskri þýðingu og aðlögun. Í textanum stendur skrifað: „Dampier admirerer Sapadiller, Avogatos, og Mammets-Sapota, samt Stierneæblerne, saa at han endogsaa gjør sig en Pligt af at beskrive dem.“³⁹ Á sömu blaðsíðu kemur *Avogatotræ* fyrir og er það sagt geta „holdes for et slags Pæretræ“.⁴⁰ Af ofansögðu er ljóst að tökuorðið hefur komið í dönsku úr ensku og að það á sér aðeins lengri sögu í málinu en fram kemur í dönskum heimildum.⁴¹ Orðmyndin *avokat*, „et slags stor Winterpære“, kemur

33 *Advokat* merkir ‚lögfræðingur‘.

34 Tökuþýðing úr ensku. Merking orðsins er ‚krókóðflapera‘ og sprettur af samflkingu avókadóhýðis við krókóðflaskinn.

35 *DF* = Duden, *Das Fremdwörterbuch*, Mannheim, Leipzig, Wien, Zürich: Dudenverlag, bls. 98.

36 *DDO* = *Den danske ordbog*, s. v. *avokado* <http://ordnet.dk> [sótt 15. desember 2018]. Sjá einnig *PNOE* = Politikens forlag, *Politikens Nudansk Ordbog med etymologi*, Ålborg: Politikens, bls. 105 (s. v. *avocado* el. *avokado*). *PEO* = Politikens forlag, *Politikens etymologisk ordbog*, Ålborg: Politiken, bls. 105 (s. v. *avocado* el. *avokado*).

37 *ODSS* = Danske sprog- og literaturselskab, det, *Ordbog over det danske sprog. Supplement*, København: Gyldendal, 1992–2005, <http://ordnet.dk/ods/> [sótt 15. desember 2018], s. v. *avokado*. Sjá einnig *MF* = Karl Hárbøl, Jørgen Schack og Henning Spang-Hanssen, *Fremmedordbog*, København: Munksgaards ordbøger, 1997, bls. 83. Politiken, *Politikens nudansk med etymologi*, København: Politikens Forlag, 2000, bls. 105.

38 R. Paulli, „C. Schmidt“, *Dansk Biografisk Leksikon*, 3. útg., København: Gyldendal, 1979–1984, <http://denstoredanske.dk/index.php?sideId=297086> [sótt 15. desember 2018].

39 *Almindelig Historie over Reiser til Lands og Vands*, I–XVIII, København, 1748–1762, hér 1761, bls. 117. *Sapadiller* (spæ. *zapotilla*.) og *Mammets* (spæ. *mamey?*). *Sapota* (spæ. *zapote*, nah. *zapotl*) er orð úr máli indíána í Mexíkó yfir ávöxtinn *Pouteria sapota*.

40 Sama rit.

41 *ODS* = Danske sprog- og literaturselskab, det, *Ordbog over det danske sprog*, København: Gyldendal, 1975, <http://ordnet.dk/ods/> [sótt 15. desember 2018]. *ODS* er söguleg orðabók sem nær yfir tímabilið frá 1700 til 1950. *ODSS*.

fyrir í bók franska grasa- og náttúrufræðingsins Valmont de Bomare sem hinn norskættaði Hans von Aphelen þýddi á dönsku og kom ritið út í átta bindum í Kaupmannahöfn á tímabilinu frá 1767–1770.⁴² *Avocado* eða *avokado*⁴³ eru orðmyndir sem eru notaðar jöfnum höndum í dönsku málsamfélagi nú á dögum og fyrirfinnast í málinu síðan á þriðja áratug 20. aldar.⁴⁴ Tökuorðið hefur lagað sig að dönsku málkerfi⁴⁵ og ný orð hafa verið smíðuð þar sem indíánaorðið myndar annan liðinn. Auk lýsingarorðsins *avokadogrön* ‚avokadógrænn‘, eru það samsettu orðin *avokadodip* og *avokadomos* fyrir ‚avokadódídyfu‘ og ‚avokadómauk‘.⁴⁶

Samkvæmt orðabók sænsku akademíunnar er *advokatpäron*, ‚avókadópera‘, elsta ritmynd orðsins í sænsku máli, frá árinu 1875. Sennilega er þessi mynd fengin úr ensku *avocado pear* eða þýsku *Advogatorbirne*.⁴⁷ Orðið er hins vegar eldra í málinu og dæmi um það frá seinni hluta 18. aldar þá er það kemur fyrir með rithættinum *avogater* í riti C.G.A. Oldendorp sem var þýtt úr þýsku og gefið út á árunum 1786–1788.⁴⁸ Í texta Oldendorps stendur skrifað: „Man får (på danska Västindien) avogater, guiave, mispel, frukter [...]“.⁴⁹ Núverandi ritmynd orðsins *avokado* kemur fyrir í sænskum textum frá miðri 20. öld, í fyrstu með rithættinum *avocado*.⁵⁰ Orðið hefur lagað sig beygingarlega að sænsku máli og er til í bæði eintölu og fleirtölu.⁵¹ Í sænsku myndar tökuorðið nokkur samsett orð eins og til dæmis *avokadoröra* ‚avokadósósa‘, *avokadogrön* ‚avokadógrænn‘ og *avokadosallad* ‚avokadósalat‘.

42 Valmont de Bomare, *Den almindelige Natur-Historie, i Form af et Dictionnaire*, Oversat, forøget og forbedret af H. von Aphelen, 8 bd., København 1767–1770, hér 1767, bls. 158.

43 DDO, s. v. *avokado*.

44 ODSS, s. v. *avokado*.

45 Sjá DDO, s. v. *avokado*: Í eintölu *avokado* og *avokadoen*. Í fleirtölu *avokadoer* og *avokadoerne*.

46 Sama rit, s. v. *avokado*.

47 SAOB = *Svenska Akademien, Svenska Akademiens Ordbok över Svenska Språket*, Stockholm: Svenska Akademien, 1–30, 1898–1998/99, <http://saob.se> [sótt 9. desember 2018], s. v. *advokatpäron*.

48 Seðlasafn Sænsku akademíunnar. C.G.A. Oldendorp, *Historisk beskrifning öfver Evangeliske brödernas missionsarbete på Carabiske Öarne St. Thomas, St. Croix och St. Jan*, 1–2, Stockholm, 1786–1788.

49 Sama rit.

50 Seðlasafn Sænsku akademíunnar. NEO = *Nationalencyklopediens ordbok*, Utarbetad ved Språkdata Göteborgs Universitet, Göteborg: Bra Böcker, 2004, bls. 79.

51 Í eintölu er orðið en *avokado*, og með ákveðnum greini *avokadon*. Í fleirtölu: *avokador* og með ákveðnum greini *avokadorna*. SO = *Svensk ordboka*, Svenska akademien, <https://svenska.se/> [sótt 9. desember 2018], s. v. *avokado*.

Norska orðabókin skilgreinir *avokado* sem „grönn, þæreformet tropísk frukt av avokadotreet“.⁵² Önnur heiti yfir ávöxtinn í norsku eru *alligatorþære* og *advocado* en samkvæmt *SNL* eru bæði „avokado og advokat [...] forvanskninger av det aztekiske navnet ahua-catl“.⁵³ Orðið, sem kemur fyrir í norskum textum frá miðri 20 öld⁵⁴, hefur lagað sig að norsku málkerfi (bókmáli og nýnorsku) og er til í eintölu og fleirtölu⁵⁵, og myndar auk þess nokkur samsett orð í málinu, má þar nefna m.a. *avokadofrukt* ‚avokadóávöxtur‘, *avokadogrönn* ‚avokadógrönn‘, *avokadoþære* ‚avokadópera‘ og *avokadotre* ‚avokadótré‘.⁵⁶

Avocado kemur fyrir í íslenskum textum upp úr miðri 20. öld og er skrifað *avokadó* í Íslensku *alfræðiorðabókinni* frá 1990 og Íslenskri *orðabók* frá 2002.⁵⁷ Elsta ritdæmi orðsins, samkvæmt upplýsingum úr ritmálssafni Orðabókar Háskólans, er í *Matreiðslubók handa ungu fólki* eftir Sigrúnu Davíðsdóttur frá árinu 1978. Í bókinni kemur eftirfarandi fram um ávöxtinn: „Avocado er óvenjulega feitur ávöxtur, en fitan er ómettuð og talin frekar heilsusamleg.“⁵⁸ Eldri dæmi um orðið er hins vegar að finna í tímaritum og dagblöðum frá miðri 20. öld. Til að mynda í grein eftir Níels Dungal, sem birtist í tímaritinu *Helgafell* árið 1955, þar sem stendur: „Hér [á Trinidad] vaxa öll möguleg tré, sem tilheyra hitabeltinu, svo sem caruarina, cecropia, brauðaldin [...] auk þess papaya, avocado og mangotré [...]“.⁵⁹

Samsetta orðið *avocadoþera* kemur fyrir í tímaritinu *Samtíðin* frá 1963⁶⁰ og skömmu síðar í Alfræðasafni AB sem var gefið út á

52 *BOB* = Universitetet i Bergen/Språkrådet, *Bokmålsordboka*, 2016, <http://www.bob.ordbok.uio.no> [sótt 9. desember 2018], s. v. *avokado*.

53 *SNL* = *Store norske leksikon*, <https://snl.no> [sótt 9. desember 2018], s. v. *avokado*.

54 *NAOB* = *Det Norske Akademis ordbok*, <https://www.naob.no> [sótt 9. desember 2018], s. v. *avokado*.

55 Í norsku bókmáli er eintalan: *en avokado*, *avokadoen*, og fleirtala: *avokadoer* og *avokadoene*. Í nýnorsku er eintala *en avokado* og *avokadoen*, og í fleirtölu: *avokadoar*, *avokadoane*. *BOB*, s. v. *avokado*. *NOB* = Universitetet i Bergen/Språkrådet, *Nynorskeordboka*, 2016, <http://www.nob.ordbok.uio.no> [sótt 9. desember 2018], s. v. *avokado*.

56 *BOB*, s. v. *avokado*. *NOB*, s. v. *avokado*.

57 *ÍO*. *ÍAO*.

58 *ROH* = *Ritmálssafn Orðabókar Háskólans*. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, www.arnastofnun.is/page/gagnasofn_ritmalssafn [sótt 9. desember 2018]. Seðlasafn Orðabókar Háskólans.

59 Níels Dungal, „Heimsókn í Trinidad“, *Helgafell* 1, 1955, bls. 102, Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn, *Tímarit.is* <http://timarit.is> [sótt 9. desember 2018].

60 „Hvað er munadur?“, *Samtíðin* 10, 1963, bls. 17. *Tímarit.is* <http://timarit.is> [sótt 9. desember 2018].

árunum 1965–1968.⁶¹ Þá voru heimiliseldavélar í ýmsum litum, m.a. *avocado-grænar*, auglýstar í blöðum og tímaritum á árunum 1976 og 1977.⁶² Hvað varðar dæmi um ritháttinn *avókadó* má líta til gagnasafna Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, en í *Markaðri íslenskrí málbeild (MÍM)* eru nokkur dæmi sem sýna mörg hver að heiti aldinsins kemur jafnan fyrir í auglýsingum dagblaða, mataruppskriftum í matreiðslubókum og tímaritum ásamt því að blasa við viðskiptavinum á matseðlum veitingahúsa og skyndi-bitastaða. Lesendur dagblaða reka augun gjarnan í umfjöllun af eftirfarandi tagi: „Avókadó er sannkölluð ofurfæða sem er sneisafull af hollri fitu, trefjum og bætiefnum og er þessi þúsund ára gamla krókódílapera ein vinsælasta matvaran á Vesturlöndum.“⁶³ Við þetta má bæta að fleirtala orðsins skýtur upp kollinum í grein sem birtist í *Bændablaðinu* árið 2015 en þar notar greinarhöfundur orðmyndina *avókat* og *avóköt* í fleirtölu.⁶⁴ Samkvæmt *Beygingarlýsingu íslensks nútímamáls (BÍN)* er *avókadó* hvorugkynsnafnorð. Eintala og fleirtala án greinis er *avókadó* og með greini *avókadóið* og *avókadóin*.⁶⁵

Tökuorðið *avókadó* hefur borist til Íslands og annarra Evrópulanda í kjölfar þess að mexíkönsk matargerðarlist varð vinsæl og útbreidd um víða veröld. Hvort orðið *avókadó* heldur velli í íslensku skal látið ósagt, en um þessar mundir togast það á við tökuþýðinguna⁶⁶ *lárpera* um tilveru sína í málinu.

2.2 *Maís*

Maís er nytjajurt af grasætt (lat. *Zea mays*) sem gefur af sér gulleit korn. Jurtin er ættuð frá Mið- og Suður-Ameríku en frá örófi alda hefur maísrækt verið almenn á Antillaeyjum í Karíbahafi, í Mexíkó og suður eftir álfunni. Korn plöntunnar var mikilvæg fæða

61 ROH.

62 Auglýsing í *Vikumni* 38 (16)/1976, bls. 8. *Tímarit.is* <http://timarit.is> [sótt 9. desember 2018].

63 Brynhildur Björnsdóttir, „Krókódílaperan slær í gegn“, *Fréttablaðið*, 27. júlí 2018, (Kynningarblað), bls. 4. *Krókódílapera* er tökuþýðing úr ensku *alligator pear*. Hér er um líkingu að ræða.

64 Hafsteinn Hafliðason, „Avókat, avóköt – lárpera, sigurpungur, smjöraldin“, *Bændablaðið* 29. janúar 2015, <http://www.bbl.is/frettir/fraedsluhornid/avokat-avokot---larpera-sigurpungur-smjoraldin/5948/> [sótt 9. desember 2018].

65 *BÍN* = Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, *Beygingarlýsing íslensks nútímamáls*, ritstj. Kristín Bjarnadóttir, <http://bin.arnastofnun.is/forsida/> [sótt 15. desember 2018].

66 Úr þýsku: *Laurbirne* og *Lorbeer-Birne*.

í samfélögum frumbyggja í Ameríku en plantan gegndi auk þess þýðingarmiklu hlutverki í trú og menningu indíána.

Maíspplantan var meðal ýmissa jurta og afurða frá Vestur-Indíum sem Kólumbus og menn hans höfðu með sér heim til Spánar árið 1493. Nafn plöntunnar barst einnig með landafundamönnum austur um haf, það er að segja taínskt heiti hennar. Það kemur fyrst fyrir í leiðarabók sem Kólumbus skrifaði í þriðju ferð sinni til Vestur-Indía árið 1498 með rithættinum *mabiz*⁶⁷ ásamt þeirri skýringu að um sé að ræða einhvers konar korn sem eyjaskeggjar í Karíbahafi noti til brauðgerðar.⁶⁸ Orðið kemur víða fyrir í kronikum sagnaritara, ferðasögum hermanna og ritum trúboða. Hér mætti nefna merka kroniku Pedros Mártir de Anglería⁶⁹ sem var rituð á latínu eftir frásögnum landafundamanna en þar er orðið í latneskum búningi: *maizium*. Þá mætti tilgreina bréf Hernáns Cortés sem voru skrifuð í Mexíkó á árunum 1519 til 1526⁷⁰ og skrif Bartolomé de Las Casas frá fyrri hluta 16. aldar.⁷¹ Fernández de Oviedo fjallar ítarlega um kornið í Indíásögu sem var skrifuð á árunum 1535–1557⁷² og í styttri útgáfu Indíásögunnar, *Sumario de la natural historia de las Indias*, frá 1526.⁷³ Næstu aldir kemur heiti plöntunnar og kornsins fyrir í verkum fjölda annarra spænskra kronikuritarar. Í þessum textum er orðið allajafna með rithættinum *maís* eða *maíz* og er síðarnefnda orðmyndin notuð í spænsku nútímamáli.⁷⁴ Þessir textar og fleiri voru að hluta til eða að öllu leyti þýddir á önnur Evrópumál þegar á 16. öld og barst orðið í þýðingum norður eftir álfunni.

67 CORDE.

68 Sama rit. Cristóbal Colón, *Los cuatro viajes. Testamento*, bls. 234.

69 Petrus Martyr Anglerius, *De orbe novo Decades*. Hér er notast við spænska þýðingu verksins: Pedro Mártir de Anglería, *Décadas del Nuevo Mundo*, Madrid: Polifemo, 1989 [1516–1530]. Sjá einnig: Erla Erlendsdóttir, „Landa uppleitan og ókunnar siglingar“. Um landafundina og Nýja heiminn í evrópskum skrifum“, *Ritið* 3/2011, bls. 119–149, hér bls. 126–128.

70 Hernán Cortés, *Cartas de relación*, ritstj. Ángel Delgado Gómez, Madrid: Clásicos Castalia, 1993. Erla Erlendsdóttir, „Landa uppleitan og ókunnar siglingar“, bls. 140–141.

71 Bartolomé de Las Casas, *Historia de las Indias*, ritstj. Carlo Agustín Millares, México/Buenos Aires: Fondo de Cultura Económica, 1965. Sjá einnig María Antonieta Andión Herrero, *Los indigenismos en la Historia de las Indias de Bartolomé de Las Casas*, Madrid: Gredos, 2004.

72 Gonzalo Fernández de Oviedo, *Historia general y natural de las Indias*, ritstj. Juan Pérez de Tudela Bueso, Madrid: Biblioteca de autores españoles, 1992 [1535–1557].

73 Gonzalo Fernández de Oviedo, *Sumario de la natural historia de las Indias*, ritstj. José Miranda, México: Fondo de Cultura Económica, 1996 [1526].

74 CORDE. DRAE = Real Academia Española, *Diccionario de la lengua española*, Madrid: Espasa, 2014, <http://dle.rae.es/> [sótt 15. desember 2018], s. v. *maíz*.

Upp úr aldamótunum 1500 var maís víða ræktaður á Íberíuskaga og stuttu síðar náði útbreiðsla hans til nágrennaríkja Spánar. Að nokkrum öldum liðnum var jurtin ræktuð til skrauts í görðum hefðarfólks í Mið- og Norður-Evrópu, auk þess sem hún var notuð sem dýrafóður. Vitað er með vissu að á 19. öld var maís notaður til manneldis og má nefna sem dæmi að á seinni hluta 19. aldar var bakað maísbrauð úr maísdeigi⁷⁵ á Íslandi, og á fyrri hluta 20. aldar voru þar einnig bakaðar maíslummur.⁷⁶ Má segja að nú á dögum sé maís hluti af daglegu lífi fólks í Evrópu. Margir byrja daginn með því að fá sér kornflögur (maísflögur) í morgunverð, tortillur úr maís með salsasósu og gómsætri fyllingu hafa verið vinsælar undanfarin ár, að ekki sé minnst á hið sígilda poppkorn, „blásinn maís“,⁷⁷ og maískólfa.

Í Evrópu hefur maísinn gengið undir ýmsum nöfnum, til að mynda „hveiti“ eða „korn frá Indíum“, „indíanakorn“, „tyrkneskt korn“, „tyrkneskt hveiti“, „korn frá Tyrklandi“, svo einhver séu nefnd.⁷⁸ Sambærileg heiti koma fyrir í ýmsum norrænum heimildum frá fyrri öldum, meðal annars íslenskum, ásamt sjálfu heitinu *maís*.

Orðið *maíz* barst úr spænsku yfir í ítölsku úr kringum 1518–1519⁷⁹ og er í dag ritað *mais*.⁸⁰ *Mais* kemur fyrir í frönskum textum frá um 1525 en kom inn í málið úr spænsku og ítölsku.⁸¹ Í þýskum texta frá 1520 kemur fyrir orðmyndin *machiz*,⁸² en frá 16. öld hefur ritháttur orðsins verið *Mais*.⁸³ Fyrsta heimild um orðið í ensku er frá árinu 1555 en þá kom út fyrrnefnd kronika Pedros Mártir de

75 ROH.

76 Sama rit.

77 ROH: Sjá Helga Sigurðardóttir, *Matur og drygkur*, Reykjavík; Ísafold, 1966, bls. 479.

78 Hér í íslenski þýðingu. Sjá til dæmis *türkisch Korn*, *indianischer Weizen* og *indianisches Korn* í þýsku (Philip M. Palmer, *Neuweltwörter im Deutschen*, Heidelberg: Carl Winter's Universitätsbuchhandlung, 1939, bls. 89). *Blé d'Espagne*, *blé d'Inde* og *blé de Turquie* í frönsku (TLFi). *Indisk korn*, *indianisk korn*, *vælsk korn*, *indískt vete* og *indiansk vete* í sænsku (SAOB).

79 Marco Mancini, *L'esotismo nel lessico italiano*, Viterbo: Università degli studi della Tuscia. Istituto di studi romanzi, 1992, bls. 141.

80 EVLI = Alberto Nocentini, *l'Etimologico. Vocabolario della lingua italiana*, Milano: Le Monnier, 2010, bls. 658. Samheiti er *granoturco*.

81 TLFi, s. v. *mais*. Cioranescu, *Los hispanismos en el francés clásico*, bls. 182. Fræðimönnum ber ekki saman um ártalið. Cioranescu segir elsta dæmi orðsins vera frá 1522.

82 Palmer, *Neuweltwörter im Deutschen*, bls. 89. Christine Henschel, *Italianische und französische Reiseberichte des 16. Jahrhunderts und ihre Übersetzungen. Über ein vernachlässigtes Kapitel der europäischen Übersetzungsgeschichte*, Darmstadt: Wissenschaftliche Buchgesellschaft, 2005, bls. 285.

83 Palmer, *Neuweltwörter im Deutschen*, bls. 89.

Anglería í enskri þýðingu Richards Eden.⁸⁴ Orðið kemur fyrir með rithættinum *maizium* eins og í latneska frumtextanum en hefur alla jafna verið ritað *maize* frá árinu 1585.⁸⁵ Á svipuðum tíma kemur orðið fyrir í hollenskum textum.⁸⁶

Í dönsku lesmáli frá seinnihluta 16. aldar og frá 17. öld koma fyrir heitin *tyrkisk korn* og *indiansk* eða *indisk korn*⁸⁷ sem gefur vísbendingu um að afurð maísplöntunnar hafi verið mönnum kunn í Danmörku á þessum tíma. Elstu dæmi þessara heita er að finna í ýmsum þýðingum, vísinda- og náttúruritum, en auk þess koma þau fyrir í orðabókum og alfræðiritum. Í orðabókarhandriti Matthiasar Moth frá aldamótunum 1700 er til dæmis *tyrkisk korn* og *tyrkisk hvede*.⁸⁸ Og Kalkar tiltekur *indisk korn*, *tyrckesk ru* og *indiske-korn* í orðabók sinni.⁸⁹

Líklegt má telja að *mabis* hafi borist í dönsku úr þýsku á fyrri hluta 17. aldar en elsta dæmið um orðið kemur fyrir í prentaðri bók frá 1641 sem Hans Hansen Skonning,⁹⁰ prentari og hringjari í Árósum, tók saman úr ýmsum þýskum bókum og skrifum frá 16. öld og byrjun 17. aldar, eins og hann getur um verki sínu. Í bók Hansens Skonning, í kafla sem fjallar um frumbyggja í Nýja heiminum, stendur meðal annars að *mays* sé „it slags fruckt“ (544) og á öðrum stað í bókinni er sagt frá því að frumbyggjar búi til kökur úr „Mays (it slags korn)“ (534). Á fyrsta áratug 18. aldar koma orðmyndirnar *maitz* og *mais* fyrir í ferðasögum og verkum þýddum úr ensku og frönsku; núverandi ritháttur orðsins er svo *majs* en elsta

84 Peter Martyr, *Decades of the New World of West India*, London, 1555.

85 OED.

86 GWNT = *Groot Woordenboek van de Nederlandse Taal*, ritstj. Dirk Geeraerts Ton den Boon, Utrecht/Antwerpen: Van Dale Lexicografie, 2005.

87 ‚Tyrkneskt korn‘, ‚korn frá Indíum‘. Korníð var kennt við það sem menn héldu vera upprunaland þess. Í Tyrklandi kallast maísinn aftur á móti *egyptskt korn*. Sjá Nesrin Karavar, „Alimentos comunes desde Latinoamérica a Turquía“, ritstj. Erla Erlendsdóttir, Emma Martinell og Ingmar Söhrman, *De América a Europa*, bls. 350.

88 Matthias Moth, *Moths Ordbogen. Historisk ordbog ca 1700*, København: DSL, <https://mothsordbog.dk> [sótt 15. desember 2018], s. v. *tyrkisk*.

89 Otto Kalkar, *Ordbog til det ældre danske sprog (1300–1700)*, København, 1881–1907, <https://kalkarsordbog.dk/> [sótt 15. desember 2018], s. v. *indisk, tyrckesk*.

90 Hans Hansen Skonning, *Geographia Historica Orientalis. Det er Atskillige Østerske Landis oc Øers / met deß Folcis Beskriffvelse: Nemlig / Tyrckers / Jøders / Grækers / Ægypters / Indianers / Persianers / oc andre flere Landskabers underlige Sæder / Tro / Religion / Lower oc selsom Lands Maneer*, Århusz, 1641.

dæmið um hann er frá byrjun 19. aldar.⁹¹ Í lokin má geta þess að orðið hefur aðlagast viðtökumálinu bæði hljóðfræði- og beygingarfræðilega,⁹² og hafa allmörg samsett orð verið smíðuð þar sem *majs* myndar annan liðinn, svo sem *majsdyrkning* ‚maísrækt‘, *majsbrændevin* ‚maísbrennivín‘, *majskolbe* ‚maískólfur‘, *majskorn* ‚maískorn‘ og *majsgul* ‚maísgulur‘.⁹³

Í sænsku er maíss fyrst getið í textum frá 17. öld, til dæmis bréfum, ritum um landbúnað og ýmsum skrifum í Nýju Svíþjóð, nýlendu Svía á austurströnd Bandaríkjanna.⁹⁴ Í fyrstu voru orðasamböndin *indisk korn*, *indianisk korn*, *välsk korn*, *indiskt vete*, *indiansk vete* og fleiri notuð í sænsku til að nefna jurtina. Elsta ritdæmið er frá 1640 en þá kemur orðið fyrir í bréfum og skrifum kansallíráðsins Axels Oxenstierna með rithættinum *macis*. Á tímabilinu frá 1644⁹⁵ til 1786 birtist orðið í ýmsum ritum með mismunandi rithætti eins og venja er um orð sem ekki hafa aðlagast viðtökumálinu. Má þar nefna *magis*, *maiss*, *maijs* og *majss* og merkingin er almennt ‚plantan *Zea mays*‘. Ennfremur eru *maiss* og *mays* orðmyndir sem koma fyrir í ýmsum sænskum textum frá 1671 og fram á 19. öld. Í dag er ritháttur orðsins *majs* og hefur verið allar götur frá 1806.⁹⁶ Orðið hefur aðlagast sænsku málfærni⁹⁷ og því til vitnis eru meðal annars mýmörg samsett orð í málinu þar sem tökuorðið er fyrri liðurinn. Sem dæmi má nefna: *majsbrännvin* ‚maísbrennivín‘, *majsgrot* ‚maísgrautur‘, *majskaka* ‚maískaka‘, *majskolv* ‚maískólfur‘, *majsmjöl* ‚maísmjöl‘, *majsocker* ‚maíssykur‘ og *majsvete* ‚maíshveiti‘.⁹⁸

Í Noregi kemur heitið yfir korntegundina fyrir í bók um landbúnað frá 1776 en þar stendur skrifað „mais eller tyrkisk hvete“.⁹⁹

91 ODS, s. v. *majs*.

92 Sjá DDO, s. v. *majs*: orðið er í óákveðnum hætti eintölu *en majs*, í ákveðnum hætti eintölu *majsen*, í fleirtölu óákveðnum hætti *majs* og í ákveðnum hætti *majsene*.

93 Sjá til dæmis ODS og DDO, s. v. *majs*.

94 Nya Sverige var á svæði þar sem Delaware, Pennsylvania, New Jersey og Maryland eru í dag.

95 Árið 1644 kemur orðið fyrir í skýrslu Johans Printz, ríkisstjóra sænsku nýlendunnar í Ameríku. SAOB, s. v. *majs*.

96 SAOB.

97 Orðið er í eintölu óákveðnum hætti *en majs* og í ákveðnum hætti *majsen*. Það er ekki til í fleirtölu. SO.

98 SAOB.

99 Anders Christensen, „Nissen om humledyrkning“, <http://anders.geekhouse.no/blog/2015/12/index.html>. Martinus Nissen, *Theoretiske og practiske Underrøtninger om Agerdyrkingen med meere, som Til Landvæsenet henhører, Deels ag de bedste Autores utdragne og deels ved lang Øvelse samlede og forsøgte, bestaaende af 28 Kapitler, Sammenskreeene og til Trykken befordrede til Landmandens Nytte ved Martinus Nissen*,

Samkvæmt upplýsingum úr seðlasafni Háskólans í Osló¹⁰⁰ er elsta ritdæmið með *mais* í bókmálsnorsku frá seinni hluta 18. aldar og kemur fyrir í tímaritinu *Topografisk Journal* frá árunum 1796 til 1798. Af ofansögðu má ætla að jurtin, afurðin og heitið hafi verið þekkt í Noregi á ofanverðri 18. öld, jafnvel fyrr. Orðið kemur fyrir í ýmsum textum á nýnorsku frá 19. öld.¹⁰¹ Samkvæmt norskum heimildum kom orðið inn í málið í gegnum spænsku¹⁰² en líklegra má telja að það hafi borist inn í norsku um nágrannamálin, dönsku og sænsku, vegna nábylis og tengsla landanna. Tökuorðið hefur lagað sig að málderfi norskunnar.¹⁰³ Í málinu finnast einnig samsett orð með *mais*, til að mynda *maisplante* ‚maísplanta‘, *maiskolbe* ‚maís-kólfur‘ og *maismel* ‚maísmjöl‘.¹⁰⁴

Í íslenskum heimildum frá 18. öld eru dæmi um heitin *tyrkneskt hveiti*, *tyrkneskt korn* og *indískt hveiti*, og orðið *maís* kemur jafnvel fyrir í einstaka texta. Þetta gefur tilefni til að draga þá ályktun að Íslendingar hafi þekkt til kornsins á þessum tíma. Samkvæmt *ROH* kemur indíánaorðið fyrst fyrir í íslenskum texta frá 1756 með rithættinum *mabis*. Í umræddum texta, sem er þýðing úr dönsku,¹⁰⁵ er orðið útskýrt sem „Tyrkneskt korn“.¹⁰⁶ Í *Riti þess Íslenska Lærdóms-Lista Felags*, tímariti frá seinni hluta sömu aldar, er talað um *tyrkneskt hveiti* eins og sjá má í textabrotinu sem hér fylgir: „Vestan úr heimi hǫfum ver þat miǫlgresi fengit, er Mays eda Tyrkneskt Hveiti er nefnt.“¹⁰⁷ Árið 1821 skrifar Magnús Stephensen að „þeir lifdu á Indískri Korntegund, er nefnist Mays“.¹⁰⁸ Að lokum má nefna handrit í handritasafni Konunglegu bókhöðunnar í

Commerce-Secreterer, Trondhiem, 1776. Trykt hos Jens Christensen Winding paa Autors Bekostning.

100 *NLI* = Norsk Leksikografisk Institut, Osló.

101 Sama heimild.

102 *NOB*, s. v. *mais*. *BOB*, s. v. *mais*.

103 Í norsku bókmáli: í óákveðnum hætti eintölu *en mais*, og í ákveðnum hætti *maisen*; í fleirtölu *maiser* og *maisenene*. Í nýnorsku er það *en mais* í eintölu óákveðnum hætti og í ákveðnum hætti *maisen*; í fleirtölu óákveðnum hætti *maisar* og í ákveðnum hætti *maisane*. Sömu rit.

104 Sömu rit.

105 *ROH*: Þess *Svenska Gustav Landkrons* Og Þess *Engelska Bertbolds Faabreitileger Robinsons, Edur Lijs* og *Æfe Sögur, Ur Dönsku utlagdar Af Sr. Porsteine Ketels Syne*, bls. 309.

106 Sama rit.

107 V, bls. 13.

108 *ROH*: *Utvvaldar Smá-Sögur, Almenníngi til Fróðleiks og Skémtunar*. ... I. Bindis 1.–2. Hefti, bls. 101.

Kaupmannahöfn, þýðingu á áðurnefndri bók Hansens Skonning¹⁰⁹ sem kom út í Árósum árið 1641. Handritið er dagsett 1676 og er þar með elsta íslenska heimildin um orðið. Í kafla sem fjallar um indíána í Nýja heiminum stendur: „Þeir hafa eitt slags Rúg, sem þeir neffna Maiz, sumir kalla það Gvÿenisktt Korn.“¹¹⁰ Á 19. og 20. öld birtist orðið til að mynda með rithættinum *mais*, *mæs*, *majs* og *maís*, og er síðastnefndi rithátturinn nú almennt notaður í íslensku.¹¹¹ Orðið hefur lagað sig að íslensku málkerfi¹¹² og myndar hluta af allmörgum samsettum orðum sem eru notuð í daglegu tali, til dæmis *maísbaunir*, *maískólfur*, *maísmjöl* og *maíspoki*.¹¹³

3. Lokaorð

Hér að framan hefur verið rætt um tvö orð af erlendum toga sem hafa skotið rótum í íslensku og nokkrum öðrum Evrópumálum. Orðin, sem núna eru góður og gildur hluti af orðaforða flestra viðtökumálanna, koma langt að: þau eru ættuð úr taíno og nahuatl, tungumálum frumbyggja í Ameríku. *Avókadó* og *maís* eru nafnorð og heyra undir merkingarsviðið nytjajurtir. Á sínum tíma voru þessi orð hrein viðbót við orðaforða flestra viðtökumálanna og ógnuðu þar af leiðandi ekki erfðarorðum í málunum og riðluðu ekki heldur merkingarskipan hugtaka og heita í tungumálunum. Þau hafa í flestum tilfellum lagað sig að hljóð- og beygingarkerfi viðtökumálanna en því er þó ekki að neita að *avókadó* hefur yfir sér framandlegan blæ og má það ef til vill rekja til endingar orðsins. Hvað varðar merkingu orðanna þá hefur hún haldist óbreytt og kemur svo sem ekki á óvart þar sem um er að ræða nafnorð með hlutlæga merkingu.

Avókadó ber með sér að hafa haft viðdvöl í öðrum tungumálum á ferð sinni milli mála í Evrópu þótt merking orðsins hafi ekki

109 Hans Hansen Skonning, *Geographia Historica Orientalis. Austur Landa og Eya með þeirra foolke, Einkum Tyrkia, Gyðjnga, Gryckia, Egypta, Indiana, Persa – og Margra fleyre Landa Undarleiðer Sider, Trú, Religio, Lauð og Landsbættir*, 1676, handrit NKS 366 4°. Ekki er vitað hver þýddi.

110 Hans Hansen Skonning, *Geographia Historica Orientalis*, 1676, 219r.

111 ÍÓ, bls. 954. ÍSO = *Íslensk stafsetningarorðabók*, ritstj. Dóra Hafsteinsdóttir. <https://snara.is> [sótt 15. desember 2018], s. v. *maís*.

112 Í eintölu án greinis *maís* og með greini *maísinn*. Orðið er ekki notað í fleirtölu eins og oft er um orð sem vísa til einhvers sem ekki er teljanlegt, eins og til dæmis *mjólk*, *kakó*, *sykur* og *bveiti*. BÍN, s. v. *maís*.

113 ROH.

hróflast. Eins og áður er getið var ritháttur nahuatl-orðsins *ahuacatl*, *ahuacate* og *aguacate* í spænsku. Síðar er að sjá sem orðið sæti formbreytingum, fyrir áhrif frá orðmyndinni *abogado*, í munni alþýðunnar á Spáni og var um tíma ritað *avocado* og *abogado* sem eru orð af allt öðrum meiði. Fyrri orðið er lýsingarháttur þátíðar af sögninni *avocar* ‚áfrýja‘ (*advocāre* á latínu) og seinna orðið þýðir ‚lögmaður‘ (*advocātus* á latínu). Í spænsku hélt eldra formið, *aguacate*, velli, svo ekki er neinum vafa undirorpið um hvað er að ræða þegar ávöxtinn ber á góma hjá málhöfum. Í frönsku aftur á móti deilir orðið *avocat* ‚avókadó‘ ytra formi með *avocat* ‚lögmaður‘.¹¹⁴ Hvað snertir ensku þá er óhætt að segja að ritháttur orðsins hafi verið mjög á reiki um langan aldur þar til á fyrri hluta 20. aldar að orðmyndin *avocado* varð ofan á en um skeið var *avocat* einnig notað í málinu.¹¹⁵ Sama er uppi á teningnum í þýsku þar sem orðmyndin *Avokado* (*Avocado* eða *Avokato*) stjakaði út öðrum orðmyndum, eins og til dæmis *Advokaten-Birne*, og festi sig í sessi. Umrædd mynd orðsins barst síðar yfir í íslensku, *avókadó*, og önnur norræn mál, *avocado* eða *avokado*, á 20. öld. Eins og áður hefur verið getið eru til eldri dæmi um orðið í dönsku og sænsku, t.d. *avogato*, *avokat*, *advokat*¹¹⁶, ritmyndir sem bera þess merki að hafa borist inn í málin úr ensku, frönsku eða þýsku. Helst lítur út fyrir að spænska ritmyndin *abogado* hafi orðið ofan á og að þaðan sé núverandi mynd orðsins komin í ensku og þýsku. Líklegt má telja að ritmyndin *avocado* í Norðurlandamálunum sé fengin úr ensku.

Elstu rituðu heimildir orðsins *ahuacatl* í spænsku eru frá fyrri hluta 16. aldar. Franska tekur orðið *aguacate* úr hollensku sem fékk það aftur á móti úr spænsku á fyrri hluta 17. aldar. Undir lok 17. aldar kemur orðið fyrir í enskum textum og frá byrjun 18. aldar er fyrsta bókfesta orðsins í þýsku. Tökuorðið kemur fyrst fyrir í þessum tungumálum í þýðingum á ferðasögum. Sama er uppi á teningnum í dönsku og sænsku en þar eru elstu ritdæmi orðsins frá 18. öld. *Avocado* kemur ekki fyrir í norsku og íslensku fyrr en á 20. öld og elstu dæmi um orðið er allajafna að finna í ýmsum tímaritum, dagblöðum og matreiðslubókum.

114 DHLF.

115 Frances Luttkhuizen, „El viaje de tres voces de lenguas indígenas americanas al inglés: *guayaba*, *aguacate*, *papaya*“, bls. 221.

116 SAOB. ODSS.

Þrátt fyrir að eiga að baki langt ferðalag hefur taínska orðið *maís* lítið sem ekkert breyst að formi til í viðtökumálunum (spænska *maíz*, ítalska *mais*, franska *maïs*, þýska *Mais*, danska *majs*, sænska *majs*, norska *mais*, íslenska *maís*) og merkingin er í öllum tilfellum sú sama og upprunaleg merking orðsins í upprunamálinu. Það er viðbúið að framburður orðsins í hinum ýmsu viðtökumálum sé frábrugðinn upprunalegum framburði taíno-orðsins sem samkvæmt spænskum og spænsk-amerískum fræðimönnum gæti hafa verið /mahiz/ ef lítið er til fyrsta ritdæmis orðsins í skrifum Kólumbusar og Las Casas. Hér er hins vegar um vangaveltur að ræða. Eins og áður var vikið að er hvort tveggja, ritháttur og hljóðfræðileg gerð orðanna, í raun og veru spænskt og þau voru, að segja má, í spænskum búningi þegar þau bárust inn í önnur tungumál og þannig voru þau allt þar til þau féllu að málkerfi og ritvenjum viðtökumálanna.

Elstu rituðu heimildir orðsins *mahiz* í spænsku eru frá lokum 15. aldar.¹¹⁷ Á fyrri hluta 16. aldar barst orðið úr spænsku yfir í ítölsku, frönsku, þýsku og ensku. Elstu ritdæmi um það koma alla jafna fyrir í bréfum, ferðasögum eða kronikum, textum sem voru upphaflega þýddir úr spænsku eða latínu. Ef lítið er til Norðurlandanna þá kemur orðið fyrir í dönskum, sænskum og íslenskum textum frá 17. öld. Í dönsku kemur orðið fyrst fyrir í bókinni *Historia Geografica Orientalis* eftir Hansen Skonning en hann mun hafa stuðst við þýskar heimildir við ritun hennar. Og í íslenskri þýðingu þessa verks, sem er í handriti í Konunglegu bókhöðunni í Kaupmannahöfn, er elsta dæmi um orðið í íslenskum texta. Elsta ritdæmið um orðið í sænsku fyrirfinnst í bréfum og skrifum kansellíráðsins Axels Oxenstierna.¹¹⁸ Ekki er ólíklegt að orðið hafi borist í sænskt mál í gegnum þýsku.¹¹⁹ Þá var orðið tekið upp í norsku upp úr miðri 18. öld. Má gera því skóna að orðið hafi borist úr dönsku í íslensku og einnig í norsku, en hafa ber í huga að Ísland og Noregur voru nýlendur Dana í þá tíð og tengsl landanna eðlilega mikil af þeim sökum.

Orðin sem hér voru til umfjöllunar bárust, eins og títt er um flökkurð, land úr landi og úr einu tungumáli í annað. Ferðalag orðanna hófst í samfélögum frumbyggja spænsku Ameríku á 15.

117 CORDE.

118 SAOB, s. v. *advokatpäron*.

119 Sama rit.

og 16. öld, þaðan bárust þau vestan um haf til Suður-Evrópu og síðan norður eftir álfunni til Norðurlanda. *Maís* barst yfir í dönsku, sænsku og íslensku á 17. öld; norska tók það upp rúmlega öld síðar. *Avókadó* er að finna í dönskum og sænskum skrifum frá 18. öld og tæplega tveimur öldum síðar skaut orðið upp kollinum í norsku og íslensku. Núna hafa þessi frumbyggjaorð frá spænsku Ameríku komið sér prýðilega fyrir í viðtökumálunum og virðast komin til að vera, um sinn að minnsta kosti.

ÚTDRÁTTUR

Avókadó og maís
Orð með rætur í frumbyggjamálum
spænsku Ameríku

Avókadó og maís eru nytjaplöntur sem bárust með landafundamönnum og landkönnuðum frá Vestur-Indíum til Gamla heimsins í lok 15. og á fyrri hluta 16. aldar. Ekki leið á löngu uns Evrópubúar tóku að rækta plönturnar og neyta ávaxtanna sem hétu sama nafni á viðtökumálunum og upprunamálunum. *Maís* er úr tungumáli indíána á Stóru-Antillaeyjum í Karíbahafi. *Avókadó* er heiti sem á rætur í nahuatl, máli indíána í Mexíkó. Orðin sem um ræðir eiga að baki langt ferðalag frá Vestur-Indíum til Suður-Evrópu og þaðan norður eftir álfunni til Norðurlandanna. Hér er fjallað um þessi tökuorð í íslensku og öðrum Evrópumálum.

Lykilorð: Tökuorð – indíánamál Ameríku – Evrópumál

ABSTRACT

Avocado and maize.
Words with roots in the indigenous
languages of Spanish America

Avocado and maize are New World crops that were brought by Spanish conquistadors and explorers from the New World to Europe from the end of the 15th and into the 16th centuries. Soon after, the Europeans themselves started to grow these crops and consume their produce, but retained their indigenous names. The term *maize* comes from Taíno language that was spoken in the Antilles. *Avocado* is a term borrowed from nahuatl which was spoken in Mexico. The loanwords discussed in this article passed from the New World to Southern Europe and from the south to the north of the continent. The aim of this paper is to explore these loanwords in Icelandic and other European languages.

Keywords: Loanwords – Amerindian languages – European languages